

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|----------------------------|-----------------------|--------------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits | 21.11.2016 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki | Eskja hf. Eskifirði | Eftirlitsmaður | Leifur Þorkelsson |
| Heimili | Strandgötu 2/Marbakka | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 6301694299 | Flokkur | Fiskimjölsverksmiðja |
| Fulltrúi fyrirtækis | Haukur L Jónsson | ÍSAT nr. | 15.20.7 |
| Fulltrúi fyrirtækis | | Staðsetning | 734232,988 517289,471 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur ný frávik komu fram í eftirlitsferðinni. Hraði útblásturslofts hafði ekki verið mældur, grænu bókhaldi hafði ekki verið skilað, útstreymisbókhaldi hafði ekki verið skilað og ekki var búið að mæla hávaða frá verksmiðjunni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Farið var í tvær eftirlitsferðir í fiskimjölsverksmiðju Eskju á árinu 2015. Í reglubundnu eftirliti þann 9. september komu hvorki fram frávik né athugasemdir við starfsemina en minnt var á mæla þyrfti hraða útblásturslofts frá skorsteini og hávaða frá verksmiðjunni fyrir árslok 2015. Í kjölfar kvörtunar vegnar grútamengunar í Eskifirði var farið í fyrirvaralaust eftirlit í verksmiðjuna þann 3. nóvember. Í þeirri eftirlitsferð kom í ljós að ekki hefði verið gengið rétt frá fitugildru eftir hreinsun. Virkni hreinsibúnaðar verksmiðjunnar var því takmörkuð og ekki í samræmi við grein 2.16 í starfsleyfi. Í kjölfarið óskaði Umhverfisstofnun eftir áætlun um úrbætur sem barst í tölvupósti frá verksmiðjustjóra 17. janúar 2016. Í bréfi frá Umhverfisstofnun þann 19. janúar 2016 kemur fram að úrbæturnar séu fullnægjandi að mati stofnunarinnar.

Í vor hóf Eskja framkvæmdir við byggingu frystihúss fyrir uppsjávarfisk við hlið fiskimjölsverksmiðjunnar. Hráefni frá frystihúsinu verður dælt yfir til verksmiðjunnar til vinnslu og unnt verður að samnýta hreinsibúnað frystihússins og verksmiðjunnar að einhverju leyti.

Laugardaginn 30. apríl sl. barst ábending í tölvupósti til Heilbrigðiseftirlits Austurlands um að mengunar hefði orðið vart í Eskifirði síðdegis daginn áður. Jafnframt var tekið fram engin ummerki um mengun væru sýnileg lengur. Í símatali við verksmiðjustjóra kom í ljós að löndunarbarki hafi gefið sig þegar verið var að landa kolmunna og eitthvað af blóðvatni farið í sjóinn. Í máli hans kom fram að fita í hráefninu væri lítil, innan við 1%. Umrætt óhapp hefði átt að tilkynna til eftirlitsaðila í samræmi við grein 4.5 í starfsleyfi og einnig í samræmi við viðbragðsáætlun verksmiðjunnar.

Fram kom að ekki hafði verið tekið sýni af fráveituvatni á árinu. Síðasta sýni var tekið á kolmunnavertíð i maí 2015. Að sögn verksmiðjustjóra er gert ráð fyrir að sýni verði tekið fyrir áramót.

Hraði útblásturslofts frá skorsteini hefur ekki verið mældur en skv. grein 3.2 átti slík mæling að fara fram fyrir 1. janúar sl.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2015 hefur ekki verið skilað en það átti að gera fyrir 1. maí sl. skv. grein 3.3

Hávaða frá verksmiðjunni átti að mæla fyrir árslok 2015 skv. grein 3.4. en það hefur ekki verið gert.

Í grein 2.9. koma fram losunarmörk fyrir ryk í útblæstri frá olíubrennara. Ryk í útblæstri hefur ekki verið mælt en Umhverfisstofnun hefur með tölvupósti til framkvæmdastjóra Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda dags. 8.11. sl. veitt verksmiðjunum frest til 31. janúar 2017 til að leggja fram greinargerð varðandi úrbætur/lausn vegna frávikna í tengslum við magn ryks í útblæstri frá fiskimjölsverksmiðjum.

Gengið var um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar í fylgd verksmiðjustjóra sem m.a. gerði grein framkvæmdum við byggingu frystihúss. Umhverfi verksmiðjunnar bar þess merki að miklar framkvæmdir voru í gangi. Engin ummerki voru þó mengun af neinu tagi sem rekja mátti til starfsemi verksmiðjunnar.

Frávik frá

ákvæði í grein 3.2

Lýsing á fráviki

Hraði útblásturslofts frá skorsteini hefur ekki verið mældur.

ákvæði í grein 3.3

Grænu bókhaldi ekki verið skilað.

ákvæði í grein 3.3

Útstreymisbókhaldi hefur ekki verið skilað.

ákvæði í grein 3.4

Hávaði frá verksmiðjunni hefur ekki verið mældur

ATHUGASEMDIR

Í samræmi við viðbragðsáætlun verksmiðjunnar hefi átt að tilkynna um óhapp varð til þess að blóðvatn fór í sjóinn við löndun.

ANNAÐ

Minnt er á að taka þarf sýni af fráveituvatni fyrir árslok.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.12.2016


Gottskálk Friðgeirsson